

61. þing Sundsambands Íslands  
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal  
6. og 7. mars 2015

Pingskjal nr: 2015 - 01

Reykjavík 19. febrúar 2015

Tilkynning um Sundþing 2015

Ágætu félagar,

Sundþing 2015 verður haldið í húsaáskynnum ÍSÍ við Engjaveg, 6. og 7. mars 2015.

Skráning þingfulltrúa hefst kl. 16:00 föstudaginn 6. mars og þingsetning kl. 17:00, ávörp, skýrsla stjórnar og framlagning mála.

Kl 19.00 kvöldsnarl og nefndarstörf frá kl 19.20 til kl 22.00.

Laugardaginn 7. mars hefst dagskrá kl. 08:30 með morgunhressingu og þingstörfum. Kosningar fara fram kl. 11:00.

Þá verður borinn fram hádegisverður. Eftir hádegisverð verður ráðstefna, um útbreiðslu sundíþróttarinnar og að henni lokinni þá verða bornir fram léttir réttir.

**Málefni sem liggja fyrir þinginu eru:**

- Fjárhagsáætlun 2015 og tillaga um þjónustugjöld 2015-2016
- Mótaskrá/Atburðadagatal sundársins 2015 – 2016
- Heiðursviðurkenningar
- Reikningar SSÍ 2013 og 2014
- Skýrsla stjórnar SSÍ 2013 til 2015
- Stefna SSÍ 2015 – 2024
- Lagabreytingar
- Hugmyndir sem borist hafa frá sambandsaðilum verða til umræðu á þinginu.

Tillögur og önnur gögn þingsins verða birt á heimasíðu SSÍ [www.sundsamband.is](http://www.sundsamband.is) jafnóðum og þau eru tilbúin.

Sundþing 2015 er pappírslaut eins og undanfarin sundþing. Tölvusamband er á þingstað og þingfulltrúar hvattir til að mæta með ferðatölvur til þess að komast í gögn þingsins jafnóðum, en þau verða vistuð á sérstöku svæði sem þingfulltrúar fá aðgang að. Þau héraðssambönd eða íþróttabandalög, sem óska fyrirfram eftir því, fá gögn þingsins útprentuð í einu eintaki í upphafi þings.

**Hverjir hafa seturétt á þinginu?**

Samkvæmt 6. grein laga SSÍ

Á sundþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn SSÍ
- b) Forseti og framkvæmdastjórn ÍSÍ
- c) Framkvæmdarstjóri ÍSÍ
- d) Fulltrúi menntamálaráðherra
- e) Tveir fulltrúar samtaka sundþjálfara (ÍSS)
- f) Einn fulltrúi Sunddómarafélag Íslands (SDÍ)
- g) Einn fulltrúi samtaka íþróttakennara
- h) Formenn sérráða innan SSÍ
- i) Að auki getur stjórn SSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún sér ástæðu til

**Þátttökutilkynning**

Allir þeir sem hafa áhuga á málefnum sundhreyfingarinnar eiga kost á að sitja sundþing meðan húsrúm leyfir og taka þannig þátt í störfum þingsins. Sá fyrirvari er þó gerður að þeir sem taldir eru upp í staflíði a – i hér að ofan og kjörnir þingfulltrúar eiga forgang á þingið.

Þeir sem hafa áhuga á að sitja sundþing en heyra ekki undir staflíði a – i og eru ekki þingfulltrúar verða að láta skrifstofu SSÍ vita með rafpósti [sundsamband@sundsamband.is](mailto:sundsamband@sundsamband.is) í síðasta lagi **mánudaginn 2. mars 2015**.

Þátttökugjald er kr. 6.500 fyrir hvern sem situr þingið. Í því er fólgið allur matur og kaffi auk annars þess kostnaðar sem til fellur á sundþingi.

**Skráningar varðandi þátttöku á sundþingi þurfa að berast á [sundsamband@sundsamband.is](mailto:sundsamband@sundsamband.is) í síðasta lagi mánudaginn 2. mars. 2015**

61. þing Sundsambands Íslands  
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal  
6. og 7. mars 2015

Þingskjal nr: 2015 - 01

**Kjörbréf**

Kjörbréf verða send út næstu daga til Íþróttabandalaga og Héraðssambanda. Er þess óskað að það sé fyllt út með nöfnun fulltrúa og varafulltrúa. ***Kjörbréf eru ekki gild nema að þau séu undirrituð af til þess bærum fulltrúa héraðssambands, íþróttabandalags eða sundráðs.***

Þingfulltrúar mæta á þingið sem fulltrúar síns héraðssambands eða íþróttabandalags en ekki félags.

Fjöldi fulltrúa sambandsaðila reiknast miðað við fjölda virkra keppenda í einstaklingsgreinum og fjölda keppenda í sundknattleik, við næstu áramót fyrir sundþing.

Hver sambandsaðili innan ÍSÍ má senda einn fulltrúa á sundþing. Að auki á sambandsaðili rétt á tveimur fulltrúum fyrir allt að **30 virka keppendur** í sundíþróttum og einum fulltrúa fyrir hverja **30 keppendur** í sundíþróttum eða brot úr þeirri tölu eftir það.

Með sundkveðju

---

Fh Sundsambands Íslands  
Ingibjörg Helga Arnardóttir